

Gátlisti 1 fyrir lækna: lisdexamfetamín dímetýlat gátlisti sem nota á áður en lyfinu er ávísað.

Gátlistinn er hannaður til að styðja við viðeigandi upphaf meðferðar með lisdexamfetamín dímetýlati hjá fullorðnum með athyglisbrest/ofvirkni (ADHD).

Eins og fram kemur í samantekt á eiginleikum lyfs (SmPC), geta ákveðnir samhlíða sjúkdómar útilokað notkun lisdexamfetamín dímetýlats eða krafist sérstakrar athygli, þar á meðal hjarta- og geðsjúkdómar eða einkenni. Mælt er með því að gátlistinn sé notaður ásamt samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvanse Adult® ▼ (smellið hér til að skoða).

- Hafa skal stöðugt eftirlit með geðrænu ástandi sem og ástandi hjarta- og æðakerfis.
- Skrá skal blóðþrýsting og hjartsláttartíðni (púls) á línurit áður en meðferð hefst, við hverja skammtaaðlögun og síðan á að minnsta kosti 6 mánaða fresti.
- Skrá skal og fylgjast með þyngd áður en meðferð er hafin og meðan á meðferð stendur
- Fylgjast skal með þróun nýrra eða versnun undirliggjandi geðraskana áður en meðferð er hafin, við hverja skammtaaðlögun og síðan á að minnsta kosti 6 mánaða fresti og við hverja heimsókn

Halið niður og prentið þennan gátlista áður en viðtalið fer fram. Ekki er hægt að vista sértækar upplýsingar um sjúklinga á vefsíðunni. Hægt er að geyma útfyllta gátlistann í sjúkkraskrá sjúklingsins.

Um leið og farið er í gegnum gátlistann getur verið gagnlegt að ræða upplýsingarnar í fylgiseðli Elvanse Adult (smellið hér til að skoða) við sjúklinginn.

Áður en meðferð með lisdexamfetamín dímetýlati er hafin

Dagsetning mats:	
Nafn sjúklings:	
Fæðingardagur:	
Aldur:	Kyn:

Frábendingar

Sjúklingar með einhvern af eftirtöldum sjúkdómum, fylgikvillum og/eða sem eru á samhlíða lyfjameðferð mega ekki fá lisdexamfetamín dímetýlat:

Frábendingar (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvanse Adult, kafla 4.3 – Frábendingar)	Metið
• Ofnæmi fyrir adrenvirkum amínum, lisdexamfetamín dímetýlati eða einhverju hjálparefna Elvanse Adult	<input type="checkbox"/>
• Samhlíða notkun mónóamín oxidasahemla (MAO-hemla) eða innan 14 daga frá meðferð með þeim	<input type="checkbox"/>
• Ofvirkni skjaldkirtils eða skjaldvakæitrun	<input type="checkbox"/>
• Æsingarástand	<input type="checkbox"/>
• Hjarta- og æðasjúkdómur með einkennum	<input type="checkbox"/>
• Langt gengin æðakölkun	<input type="checkbox"/>
• Miðlungsmikill eða alvarlegur háþrýstingur	<input type="checkbox"/>
• Gláka	<input type="checkbox"/>

Sérstök varnaðarorð eða varúðarreglur við notkun:

Vinsamlegast athugið einnig eftirfarandi fyrir upphaf meðferðar með lisdexamfetamín dímetýlati (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvanse Adult kafla 4.4 – Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun)

Fjölskyldusaga (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvanse Adult kafla 4.4)	Metið
• Fjölskyldusaga um skyndilegt dauðsfall af völdum hjartasjúkdóms/óútskýrt dauðsfall	<input type="checkbox"/>
• Fjölskyldusaga um sleglataktrufnanir	<input type="checkbox"/>
• Fjölskyldusaga um sjálfsvíg, geðhvarfasýki og þunglyndi	<input type="checkbox"/>

Saga sjúklings (þ.m.t. fyrri og undirliggjandi líkamlegir eða geðrænir sjúkdómar eða einkenni) og læknisskoðun

Gæta skal varúðar þegar lisdexamfetamín dímetýlati er ávísað til sjúklings með ákveðna sjúkdóma eða einkenni

	Metið
Hjarta og æðar (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.4 – Aukaverkanir á hjarta og æðakerfi)	
<ul style="list-style-type: none"> Núverandi hjarta- og æðasjúkdómar, þ.m.t. háþrýstingur, hjartabilun, nýlegt hjartadrep, sleglasláttartruflanir, óeðlilegur formgerðargalli í hjarta, hjartavöðvakvilli, alvarlegar hjartsláttartruflanir, kransæðasjúkdómur og aðrir alvarlegir hjartasjúkdómar 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Undirliggjandi sjúkdómur sem gæti versnað vegna hækkunar á blóðþrýstingi eða hjartsláttartíðni 	<input type="checkbox"/>

	Metið
Geðrænar aukaverkanir (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.4 - Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun)	
<ul style="list-style-type: none"> Undirliggjandi geðraskanir 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Undirliggjandi geðræn einkenni 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Árásargirni 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Geðhvarfasýki 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Punglyndiseinkenni (skimið fyrir hættu á geðhvarfasýki með nákvæmri geðsjúkdómssögu, þar með talið fjölskyldusögu um sjálfsvíg, geðhvarfasýki og þunglyndi) 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Vöðvakvik eða hljóð (verbal tics) eða Tourette heilkenni 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Krampar. Saga um krampa eða saga um óeðlilegt heilalínurit án krampa 	<input type="checkbox"/>
Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.6 – Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf)	<input type="checkbox"/>
Saga um misnotkun lyfja og ávanabindingu (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.4 - Misnotkun og ávanabinding) og hugsanleg misnotkun, röng notkun og óviðeigandi notkun lisdexamfetamín dímetýlats (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.2 - Mat fyrir upphaf meðferðar)	<input type="checkbox"/>
Skert nýrnastarfsemi (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.2 - Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi)	<input type="checkbox"/>

Hugsanlegar milliverkanir við önnur lyf	
<i>Gæta skal varúðar þegar lisdexamfetamín dímetýlati er ávísað til sjúklinga sem taka ákveðin lyf samhliða</i>	
	Metið
Adrenvirk lyf (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.4 - Notkun með öðrum adrenvirkum lyfjum)	<input type="checkbox"/>
Lyfjahlvörð (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.5 - Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir)	
<ul style="list-style-type: none"> Hæglosandi guanfacín 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Hæglosandi venlafaxín 	<input type="checkbox"/>
Lyf, sjúkdómar og skilyrði sem breyta sýrustigi (pH) þvags (sjá samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.5 - Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir)	
<ul style="list-style-type: none"> Askorbínsýra og önnur lyf, sjúkdómar og skilyrði sem gera þvag súrt 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Natríumbíkarbónat og önnur lyf, sjúkdómar og skilyrði sem gera þvag basískt 	<input type="checkbox"/>
Mónóamín oxidasahemlar (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.5 - Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir. Mónóamín oxidasahemlar). Ekki skal gefa amfetamín meðan eða innan 14 daga eftir gjöf MAO-hemla, þar sem það getur aukið losun noradrenalíns og annarra mónóamína	<input type="checkbox"/>
Serótónvirk lyf (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.5 - Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir. Serótónvirk lyf). Serótónínheilkenni hefur sjaldan komið fram í tengslum við notkun amfetamíns eins og lisdexamfetamín dímetýlats þegar það eru gefið samhliða serótónvirkum lyfjum, þar á meðal sérhæfðum serótónín endurupptökuhemlum (SSRI) og serótónín og noradrenalín endurupptökuhemlum (SNRI). Einnig hefur verið tilkynnt um það í tengslum við ofskömmtun amfetamíns, m.a. lisdexamfetamín dímetýlats	<input type="checkbox"/>
Lyfhrif (sjá ennfremur samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Elvase Adult kafla 4.5 - Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir)	
<ul style="list-style-type: none"> Amfetamín getur dregið úr á hrifum blóðþrýstingslækkandi lyfja (þ.m.t. guanetidín eða önnur blóðþrýstingslækkandi lyf) 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Amfetamín getur aukið verkjastillandi áhrif sterkra verkjalyfja 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Klóprómazín getur dregið úr áhrifum amfetamíns 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Halóperídól getur dregið úr áhrifum amfetamíns 	<input type="checkbox"/>
<ul style="list-style-type: none"> Lítíumkarbónat getur dregið úr áhrifum amfetamíns 	<input type="checkbox"/>

Þessi gáttlisti er þróaður að Shire og er eingöngu ætlaður til notkunar af heilbrigðisstarfsmönnum á Íslandi. Einnig er mikilvægt fyrir heilbrigðisstarfsmenn að lesa samantekt á eiginleikum lyfs (SmPC) fyrir Elvase Adult.

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi þess komist fljótt og örugglega til skila. Tilkynna skal Lyfjastofnun um allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Lyfjastofnun á www.lyfjastofnun.is. Einnig má tilkynna aukaverkanir til Shire á drugsafety@shire.com

EXA/IS//0001 Vinnsludagsetning: september 2017

Fylgiseðill	Metið
Íhugið að nota fylgiseðilinn til aðstoðar við að útskýra fyrir sjúklingnum meðferð með lisdexamfetamín dímetýlati við ADHD	<input type="checkbox"/>

Skráið allar viðbótarupplýsingar hér

Í kjölfar matsins hér að framan skal fylla út meðfylgjandi töflu til að skrá upphafsmælingu fyrir áframhaldandi eftirlit **(smellið hér til að skoða)**.

Elvanse Adult (LDX) er eftirritunarskylt lyf. Hámarks magn sem ávísa má með lyfseðli er sem svarar 30 daga skammti.